

## AUGLÝSING

### um afléttingu tímabundinna varnaraðgerða til að fyrirbyggja að fuglaflensa berist í alifugla og aðra fugla í haldi.

1. gr.

Með vísan til þess að alvarleg afbrigði af fuglaflensuveiru hafa ekki greinst á Íslandi hefur ráðherra, að fengnum tillögum Matvælastofnunar, ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 241/2017 um tímabundnar varnaraðgerðir til að fyrirbyggja að fuglaflensa berist í alifugla og aðra fugla í haldi.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísan til 8. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. maí 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Birgitta Kristjánsdóttir.*